

# Drög

## Notkunarleyfi fyrir Markaða íslenska málheild (MÍM)

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* (hér eftir oft nefnd rekstraraðili) veitir hér með Máltæknifélaginu, sem hér á eftir kallast leyfishafi, leyfi til þess að nota *Markaða íslenska málheild (MÍM)* í samræmi við eftirfarandi skilmála.

### 0 Skilgreiningar

- Texti* er samfellt mál í tölvutæku formi sem er valið til notkunar í rannsóknum og við þróun tungutæknibúnaðar.
- Mörkuð íslensk málheild* er safn valinna texta þegar þeim hefur verið komið í samræmt tölvutækt form og þeir greindir á málfræðilegan hátt.
- Niðurstöður leyfishafa* er afrakstur vinnu sem leyfishafi hefur unnið á textum í *Markaðri íslenskri málheild*.

### 1 Inngangur

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* sér um rekstur *Markaðrar íslenskrar málheildar* í umboði menntamálaráðuneytisins.

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* hefur samið við réttihafa um að textar úr verkum þeirra séu hluti af *Markaðri íslenskri málheild*. Listi yfir verkin, sem textarnir eru teknir úr, er í Viðauka 1 sem fylgir samningi þessum. Réttihafar textanna hafa með sérstakri yfirlýsingu heimilað rekstraraðila að veita leyfishafa leyfi til þess að nota textana eins og lýst er hér á eftir.

Leyfishafi er notandi textanna í viðaukanum eins og lýst er í samningi þessum. Á vegum leyfishafa getur starfað hópur rannsóknarmanna við háskóla eða í fyrirtæki.

### 2 Skilmálar

- Rekstraraðili veitir leyfishafa óframseljanlegt leyfi til þess að nota *Markaða íslenska málheild* í málfræðilegum rannsóknum, í rannsóknum í tungutækni og við þróun tungutæknibúnaðar. Leyfi þetta felur ekki í sér einkarétt til notkunar málheildarinnar.
- Aðgangur leyfishafa að *Markaðri íslenskri málheild* samkvæmt notkunarleyfi þessu takmarkast við rannsóknarhóp leyfishafa. Með rannsóknarhópi leyfishafa er átt við starfsmenn leyfishafa, verktaka eða aðra samstarfsaðila sem leyfishafi hefur veitt heimild til þess að vinna að rannsóknum, sbr. 2. grein, lið a), með aðstoð *Markaðrar íslenskrar málheildar*.
- Mörkuðu íslensku málheildina* má setja upp á starfsstöð eða starfsstöðvum rannsóknarhópsins. Með starfsstöð er átt við útstöð vélbúnaðar eða lokað netkerfi sem félagar í rannsóknarhópnum nota venjulega við vinnu sína. Þar getur bæði verið um að ræða búnað á vinnustað og heimili starfsmanna og leyfið er ekki takmarkað við tiltekinn vélbúnað eða byggingu.
- Taka má öryggisafrit af *Mörkuðu íslensku málheildinni* og einnig má búa til afrit fyrir féлага í rannsóknarhópnum. Leyfishafi skal sjá til þess að öllum afritum af málheildinni, hvort sem um ræðir afrit í heild eða að hluta, fylgi áskilnaður um höfundarrétt sbr. 5. grein, lið d) í notkunarleyfi þessu.
- Ekki má gefa út, birta, miðla til almennings eða veita þriðja aðila á annan hátt aðgang að *Markaðri íslenskri málheild* í heild eða að hluta. Ekki má heldur afrita *Markaða íslenska málheild* um fram það sem greint er í c) og d) lið þessarar greinar. Það er á ábyrgð leyfishafa að sjá til þess að starfsmenn hans skilji og fari eftir þessum skilmálum og hafa umsjón með notkun þeirra á *Markaðri íslenskri málheild*.

- f) Hvorki leyfishafi né rannsóknarhópur hans mega leigja út eða selja *Markaða íslenska málheild*, taka á annan hátt gjald fyrir afnot af málheildinni eða framselja notkunarleyfið.
- g) Leyfishafi getur notað niðurstöður sínar að vild. Leyfishafa er þó ekki heimilt að gefa út á prenti eða í rafrænu formi, birta, miðla til almennings eða hagnýta á annan hátt í atvinnu- eða hagnaðarskyni texta úr *Markaðri íslenskri málheild* umfram það sem heimilað er í 14. gr. höfundalaga nr. 73/1972 og skal þá ætíð geta heimildar.
- h) Við útgáfu eða annars konar birtingu eða miðlun til almennings sem heimil er á grundvelli g) liðar þessarar greinar skal þess gætt að virtur sé í hvívetna sæmdarréttur höfundar texta, sbr. 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972, og að ekki komi fram persónugreinanlegar upplýsingar um þriðja aðila í því sem birt er.
- i) Þegar birtar eru niðurstöður rannsókna sem gerðar eru með aðstoð *Markaðrar íslenskrar málheildar* skal hennar getið sem heimildar. Hið sama gildir við útgáfu tungutækniúnaðar þar sem *Mörkuð íslensk málheild* hefur verið nýtt.

### 3 Greiðsla

Leyfishafi greiðir rekstraraðila umsýslugjald samkvæmt gjaldskrá sem er birt á vefsetri stofnunarinnar. Greiðsluna skal inna af hendi að viðbættum virðisaukaskatti innan 30 daga frá útgáfu reiknings.

### 4 Gildistími leyfis

Leyfið gildir í 5 ár frá undirritun notkunarleyfis þessa nema leyfinu sé sagt upp með heimild í 8. gr. Sækja má skriflega um framlengingu leyfisins gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

### 5 Skyldur leyfishafa

Leyfishafi og allir í rannsóknarhópi hans skulu ætíð viðhafa fyllstu varúðarráðstafanir til þess að fullnægja ákvæðum samnings þessa og skulu m.a.:

- a) Halda skrá um öll afrit af *Markaðri íslenskri málheild* sem eru búin til og um þá einstaklinga í rannsóknarhópi leyfishafa sem hafa aðgang að málheildinni hverju sinni. Einnig skal skráð hvar slík afrit eru geymd. Jafnframt skal haldin skrá um verkefni á vegum leyfishafa þar sem *Markaða íslenska málheildin* er notuð. Leyfishafi lætur rekstraraðila í té þessar skrár án tafar sé þess óskað.
- b) Fylgjast reglulega með notkun *Markaðrar íslenskrar málheildar*, þ.á m. að uppfæra eftir þörfum skrár samkvæmt a) lið.
- c) Viðhafa viðeigandi öryggisráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að óviðkomandi geti fengið aðgang að skrá málheildarinnar. Aðgangur leyfishafa og einstaklinga í rannsóknarhópi hans að *Markaðri íslenskri málheild* skal aðeins heimill með notkun aðgangsorðs sem hann úthlutar viðkomandi einstaklingi og óheimilt er að láta óviðkomandi í té.
- d) Gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda höfundarrétt og önnur réttindi á sviði hugverka- og auðkennaréttar í eigu *Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* og réttihafa texta í *Markaðri íslenskri málheild*.
- e) Ef grunur vaknar hjá leyfishafa um að starfsmenn hans, aðilar í rannsóknarhópi hans eða samstarfsaðilar hafi brotið gegn skilmálum þessum eða misfarið með aðgang að *Markaðri íslenskri málheild* skal hann þegar í stað tilkynna það til rekstraraðila.

Leyfishafi skal sjá til þess, m.a. með samningum við aðila í rannsóknarhópi sínum, hvort sem um ræðir starfsmenn, verktaka eða aðra samstarfsaðila, að þeir framfylgi þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindir eru í c) lið og öðrum ráðstöfunum er hann kann að mæla fyrir um og að þegar vinnu við rannsóknarverkefni lýkur sé eytt öllum afritum þeirra af *Markaðri íslenskri málheild*. Starfsmaður leyfishafa, sem hefur til þess umboð, skal senda rekstraraðila skriflega staðfestingu á að leyfishafi hafi fullnægt þessu skilyrði.

Leyfishafi skal sjá til þess að aðrir en þeir sem vinna við verkefni rannsóknarhópsins á hverjum tíma hafi ekki aðgang að málheildinni.

## **6 Takmörkun ábyrgðar**

- a) Rekstraraðili ábyrgist ekki að *Markaða íslenska málheildin* henti fyrir tiltekna notkun eða sé til nota við tiltekna aðstæður jafnvel þótt honum hafi áður verið kynntar áætlanir leyfishafa.
- b) Rekstraraðili ber ekki ábyrgð á tæknilegum eiginleikum eða takmörkunum *Markaðrar íslenskrar málheildar*.
- c) Rekstraraðili ábyrgist ekki að hugbúnaður sem kann að vera dreift með *Markaðri íslenskri málheild* starfi án truflana og án þess að villur komi fyrir.
- d) Rekstraraðili mun ekki undir neinum kringumstæðum bera ábyrgð gagnvart leyfishafa á fjárhagslegu tapi, tapi á viðskiptavild eða öðru óbeinu tjóni jafnvel þótt það hafi verið fyrirsjáanlegt.
- e) Rekstraraðili ber ekki ábyrgð á skemmdum sem kunna að verða á eignum leyfishafa hvort sem þær kynnu að vera afleiðing af vanrækslu rekstraraðila, starfsmanna hans, umboðsmanna eða undirverktaka, eða af öðrum ástæðum.

## **7 Réttur réttihafa**

Öll réttindi á sviði hugverka- og auðkennaréttar, m.a. höfundarréttur, sem tengjast *Mörkuðu íslensku málheildinni*, haldast á hendi réttihafa textanna og *Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

## **8 Uppsagnarákvæði**

- a) Rekstraraðili getur afturkallað leyfið ef leyfishafi greiðir ekki umsýslugjald innan þrjátíu daga frá gjalddaga. Rekstraraðili getur fellt leyfið úr gildi með skriflegri tilkynningu án sérstakrar viðvörunar ef leyfishafi gengur gegn ákvæðum sammings þessa.
- b) Leyfið fellur sjálfkrafa úr gildi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta.

## **9 Ágreiningsmál**

Verði ágreiningur um samning þennan og náist ekki samkomulag milli aðila skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Reykjavík, 1. september 2006

F.h. Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

F.h. Máltæknifélagsins

---

### **Viðauki 1**

Textar í *Markaðri íslenskri málheild* sem eru viðfang þessa sammings eru:

- a) Allir textar með útgefnu jafnt sem óútgefnu efni sem réttihafar eiga.
- b) Allir textar með útgefnu jafnt sem óútgefnu efni þar sem enginn réttihafi hefur verið tilgreindur.

Hér verður skrá um alla texta sem er í *Mörkuðu íslensku málheildinni* þar sem kemur fram réttihafi ásamt útgefanda.